

Ágæta sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga](#) þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið.

Í grænbók birtist stöðumat á helstu [lögbundnu verkefnum](#) og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greiningu áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokknum.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin svari eftirfarandi spurningum fyrir 21. september nk.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör sveitarfélaga í grænbókinni heldur er hvert innlegg mikilvægur þáttur í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð en hnitmiðuð og byggji á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins.

1. Heiti sveitarfélags

--

Samskipti við íbúa

- 2. Hvernig stendur sveitarfélagið að upplýsingamiðlun til íbúa vegna þjónustu sveitarfélagsins og/eða annarrar starfsemi þess? Dæmi eru heimasíða, samfélagsmiðlar, tölvupóstar, smáskilaboð, smáforrit/öpp, netspjall, fréttatilkynningar, auglýsingar s.s. í fréttu-/prentmiðla, veggspjöld, hlaðvörp o.fl.*

3. Hefur sveitarfélagið leitað álits íbúa í tengslum við ákvarðanatöku vegna þjónustu sveitarfélagsins og/eða annarrar starfsemi þess (íbúalýðræði)? Ef svo er, hvernig?

4. Hefur sveitarfélagið nýtt sér stafrænar lausnir í veitingu þjónustu? Ef svo er, hvernig? Dæmi eru upplýsingagjöf, ábendingagáttir, mínar síður, umsóknir, gagnaskil, aðgangskort, bein þjónusta s.s. velferðartækni o.fl.

Lögbundin verkefni / þjónusta

5. Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins við framkvæmd eftirfarandi lögbundinna verkefna?

Sjá yfirlit yfir [lögmælt verkefni sveitarfélaga](#) til stuðnings.

<i>Félagsþjónusta</i>
<i>Málefni aldraðra</i>
<i>Málefni fólks með fötlun</i>
<i>Stuðningsþjónusta</i>
<i>Leikskólar</i>
<i>Grunnskólar</i>
<i>Frístundaheimili</i>
<i>Húsnæðismál</i>
<i>Skipulagsmál</i>
<i>Jafnréttismál</i>
<i>Fráveitur, vatnsveitur, hitaveitur (lögheimilt verkefni)</i>
<i>Önnur þjónusta, lögbundin eða lögheimil</i>

Atvinnulíf

6. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði atvinnulífs?
Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins á þessu sviði, t.a.m.
með hliðsjón af fjölbreyttum atvinnutækifærum, vexti og þróun atvinnulífs

*til næstu ára, almennri atvinnuþátttöku og atvinnuþátttöku einstakra hópa?
Telur sveitarfélagið þróunina í atvinnulífinu undanfarin ár hafa verið
jákvæða eða neikvæða?*

Fjármál - rekstur

- 7. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði fjármála/rekstrar?
Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar sveitarfélagsins á sviði rekstrar,
t.a.m. með hliðsjón af einstökum tekjustofnum, útgjaldabáttum, íbúðapróun
og framtíðaráskorunum?*

Loftslagsmál

- 8. Hvernig stendur sveitarfélagið að vígi á sviði loftslagsmála?
Hefur sveitarfélagið sett stefnu og markmið um loftslagsmál?
Ef svo er, hvernig er henni fylgt eftir?
Ef stefna og markmið hafa ekki verið sett, af hverju ekki?*

--

Áfallapol

9. Hvert er áfallapol sveitarfélagsins, þ.e. hvernig metur sveitarfélagið getu sína til að bregðast við, tryggja áframhaldandi starfsemi og enduruppbyggingu vegna náttúruhamfara, mögulegra áhrifa stríðsátaka á mikilvægar birgðakeðjur og getu sveitarfélaga til að halda uppi lögbundnum þjónustuverkefnum t.d. hvað varðar vatnsveitur og hafnir, efnahagslegra áfalla á borð við hrun tekjustofna eða annarra utanaðkomandi ógna, alvarlegra atburða eða hættuástands?

--

Tækifæri og áskoranir

10. Hver eru helstu tækifæri **sveitarfélagsins** á næstu árum á eftirfarandi sviðum?

Almenn starfsemi
Þjónusta
Stafræn umbreyting

<i>Fjármál</i>
<i>Atvinnulíf</i>
<i>Loftslagsmál</i>
<i>Skipulagsmál</i>
<i>Húsnæðismál</i>

11. Hverjar eru helstu áskoranir **sveitarfélagsins** á eftirfarandi sviðum?

<i>Almenn starfsemi</i>
<i>Þjónusta</i>
<i>Stafræn umbreyting</i>
<i>Fjármál</i>
<i>Atvinnulíf</i>
<i>Loftslagsmál</i>
<i>Skipulagsmál</i>
<i>Húsnæðismál</i>

Helstu áskoranir og tækifæri sveitarfélaga á landinu öllu (VALKVÆTT)

12. Hverjar eru helstu **áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins í heild** að mati sveitarstjórnarinnar á eftirfarandi sviðum?

Almenn starfsemi
Þjónusta
Stafræn umbreyting
Fjármál
Atvinnulíf
Loftslagsmál
Skipulagsmál
Húsnæðismál

Annað sem sveitarstjórn vill koma á framfæri.

--